



Kolbrún Þ. Pálsdóttir

## Hugleiðingar um heildstæða menntastefnu

Hér er hvatt til þess að litið sé heildstætt á menntun og að mótuð verði menntastefna sem horfi einnig til þess mikilvæga starfs sem unnið er á sviði tómsunda- og félagsmála. Kveikjan að þessari grein var lestur höfundar á bókinni *Leading educational change: Global issues, challenges and lessons on whole-system reform* sem kom út hjá Teachers College Press árið 2013. Í þeirri bók er fjallað um mikilvæg álitamál er lúta að þróun menntakerfa, svo sem alþjóðlegan samanburð, miðlun og hagnýtingu þekkingar, fagmennsku, gæði og mat á skólustarfi og þróun lærdómssamfélaga. Höfundur tengir efni bókarinnar við umfjöllun íslenskra fræðimanna um opinbera menntastefnu.

Um árabíl hafa heimspekingar varað við of mikilli tæknihyggju í menntamálum. Ný stefna, með það markmið að efla samfélags- og einstaklingsgildi menntunar, var kynnt árið 2011 en enn heyrast gagnrýniraddir um tæknihyggju og nýfrjáls- hyggju í menntastefnu. Áherslan á sex grunnþætti menntunar – læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, og sköpun – virðist hins vegar hafa hvatt til ígrundunar og þróunar skólustarfs og stuðlað að aukinni samþættingu í námi. Meginniðurstöður eru þær að heildstæðar rannsóknir á innleiðingu opinberrar menntastefnu skortir á Íslandi. Framkvæmd hennar er flókið ferli sem krefst þátttöku aðila úr mörgum áttum, ekki eingöngu skólafólks, heldur stjórnenda og fagfólks almennt á sviði uppeldis, mennta og tómsunda, foreldra og ekki síst nemenda.

Lykilatriði er að efla samvinnu á milli fagfólks sem vinnur að uppeldi og menntun, og að tryggja að raddir nemenda og foreldra þeirra hafi áhrif á skóla- og frístundastarf. Hér er kallað eftir skýrari umræðu um það hver séu og eigi að vera markmið menntunar. Fagfólk á vettvangi sem og yfirvöld menntamála verða ávallt að sýna viðfangsefninu ákveðið lítillæti, viðurkenna eigin takmarkaða þekkingu, fagna samvinnu og nota þau tækifæri sem gefast til að bæta og fegra samfélagið.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

### Thoughts on a holistic educational policy

This article calls for a holistic approach to educational policy and argues that it should include the activities offered in out-of-school and leisure programs, not only school. The author was inspired when reading the book *Leading educational change: Global issues, challenges and lessons on whole-*

system reform, published by Teachers College Press in 2013. That book discusses important themes of educational policy, such as international comparisons, transmittance and use of knowledge, professionalism, quality and evaluation in education, and the development of learning communities. The author connects the themes of the book with Icelandic critiques of educational policy. For years Icelandic philosophers have warned against the prevalence of instrumental thought in education. The Ministry of Education introduced a new educational policy in 2011, with the main aim of responding to social as well as individual needs; still, concerns are raised about undue focus on instrumentalism and neo-liberalism in educational policy. The six pillars of education—sustainability, literacy, equality, democracy and human rights, creativity, and health and welfare—seem to have had the positive consequence of encouraging reflection on and further development of school programs, as well as integration in school. Nevertheless, the author finds that comprehensive research on the implementation of educational policy is lacking. Bringing policy to life is a complicated process which involves participants from different spheres of society, not only school teachers, but educational professionals, parents, administrators and last, but not least, students.

It is of crucial importance to increase collaboration between professionals in education and to ensure that the voices of students and their parents are taken into account to a much greater extent than is now the case. The author calls for a thorough discussion on what should be the main aims of education. Professionals, as well as politicians, would do well to be modest in their approach, admit their own limited knowledge, celebrate collaboration, and use every opportunity to help make a better society.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) is assistant professor at the School of Education, University of Iceland.

## Inngangur

Í grein þessari fjalla ég um ritið *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* sem Teachers College Press gaf út árið 2013. Boðskapur þessarar bókar á mikið erindi við íslenska fræðimenn og fagfólk innan menntavísinda. Helen Janc Malone, ritstjóri bókarinnar, fékk öfluga alþjóðlega fræðimenn til þess að skrifa stuttar greinar um lykilþemu sem hafa eða ættu að hafa áhrif á þróun menntamála. Í bókinni er fjallað um ýmis mikilvæg álitamál er lúta að þróun menntakerfa, svo sem alþjóðlegan samanburð og lærdóm sem draga má af honum, alþjóðlega mælikvarða (s.s. PISA), miðlun og hagnýtingu þekkingar, samfélagsleg og menningarleg gildi, áhrif tækni, fagmennsku og þátttöku kennara, gæði og mat á skólastarfi, og lærdómssamfélög. Greinarhöfundar koma úr öllum heimsálfum, meðal annars frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Indlandi, Finnlandi, Kína, Ástralíu, Brasilíu, Singapore, Suður-Afríku og Mexíkó. Bókin á ríkt erindi við alla þá sem daglega taka mikilvægar ákvarðanir sem hafa áhrif á það í hvaða átt menntakerfi okkar þróast og í þeim hópi eru skólastjórnendur, kennarar, foreldrar, fræðimenn og stjórnálmenn. Ég mun í greininni leitast við að draga saman helstu lærdóma bókarinnar og lykilþætti sem eiga erindi við íslenska lesendur. Ég mun einnig lýsa ákveðinni gagnrýni á íslenska menntastefnu og skoða að hve miklu leyti hún virðist vera í takt við alþjóðlega umræðu.

## Boðskapur og uppbygging bókarinnar

Bókin flytur öflugan boðskap: Þróun menntakerfa er gríðarlega flókið verkefni, sem er eingöngu að hluta til tæknilegt en í eðli sínu menningarlegt og siðferðilegt ferli sem byggist á virkri þátttöku allra hagsmunaaðila. Kallað er eftir víðtækri umræðu um markmið menntunar, heildstæða menntastefnu og lýðræði sem felur í sér þátttöku nemenda og aðkomu

allra hagsmunaaðila að mótun menntastefnu og ákvörðunum í skólastarfi. Eitt af lykilþemum bókarinnar er að til að menntastefna sé árangursrík verði að vera jafnvægi á milli *ytri* stefnumótunar, svo sem laga, reglugerða, opinberrar íhlutunar, og *innri* stefnumótunar, svo sem hugmynda um fagmennsku, nám og kennslu, hugmynda sem eiga uppruna sinn innan skólakerfisins sjálfs.

Bókin skiptist í fimm hluta og hver þeirra tekur fyrir viðfangsefni sem snerta mótun og innleiðingu menntastefnu. Í hverjum hluta eru fimm stuttar greinar frá ólíkum höfundum, og þótt ekki gefist ráðrúm til að ræða allar greinarnar mun ég nefna hér dæmi úr hverjum hluta. Í fyrsta hluta, sem ber heitið *Emerging issues in educational change*, eru tekin fyrir brýn viðfangsefni sem hafa haft mikil áhrif á þróun menntakerfa. Hér er meðal annars bent á að alþjóðlegir mælikvarðar líkt og *PISA* geti verið öflug tæki til breytinga, ýtt undir miðlun þekkingar á alþjóðavísu og hvatt samfélög til umbóta í menntamálum, líkt og Andreas Schleicher, deildarstjóri mats- og greiningar menntamála hjá OECD, dregur fram í sinni umfjöllun (kafli 1). Andy Hargreaves, prófessor við Boston-háskóla, bendir á hinn bóginn á að ofuráhersla á slíka samkeppni geti hvatt til sýndarmennsku, áherslu á miðlæga stjórnsýslu í stað þess að fjárfest sé í skólum og skólastarfi: ferlið fer að snúast um að ná toppnum – en ekki um raunverulega menntun og sköpun í skólastarfi (kafli 2).

Annar hlutinn, *Improving practice*, hefur að geyma fimm skarpar hugleiðingar um fagþróun í skólastarfi. Þær sýna fram á að hún byggist fyrst og fremst á því að leiða saman krafta fagfólks og skapa þannig vettvang þar sem kennarar miðla þekkingu og reynslu, takast á við ögrandi verkefni og læra af mistökum. Ég nefni sérstaklega grein kanadíska prófessorsins Stephen Anderson (kafli 8) sem veltir upp þeirri spurningu hvernig best sé að efla gæði kennslunnar og hvernig megi styðja sem best við kennara. Anderson ber saman tvær leiðir, annars vegar innleiðingu á tilteknum kennsluaðferðum og kennsluefni, sem hann kennir við tæknilega nálgun (e. *implementation approach*), og hins vegar uppbyggingu á lærdómssamfélögum (e. *professional learning communities*). Í stuttu máli er niðurstaða hans sú að fræðsla og leiðsögn til kennara um tiltekin kennslulíkön eða starfs hætti skili sjaldnast raunverulegum árangri. Mun árangursríkara sé að þjálfar kennara til að vinna saman að því að rýna saman í eigin kennsluaðferðir, nám og árangur nemenda – einungis þannig sé hægt að skapa jarðveg fyrir nýja kennsluhætti.

Þriðji hlutinn, *Equity and educational justice*, tekur á mikilvægu efni, nefnilega jafnrétti og félagslegu réttlæti í menntakerfinu. Mel Ainscow, prófessor og einn af stjórnendum Rannsóknarstofu um jöfnuð í menntakerfinu við háskólann í Manchester, byrjar á að minna okkur, vestræna lesendur, á að það séu ennþá 70 milljónir barna í heiminum sem ekki hafi aðgang að grunnmenntun, sem hlýtur að teljast sláandi tala (kafli 11). Hvað varðar félagslegt réttlæti innan hins vestræna menntakerfis, þá hefur Ainscow ásamt fleirum mótað kenningu um eins konar vistfræði jafnaðar (e. *ecology of equity*), sem vísar til þess að mjög margir ytri þættir móta og hafa áhrif á stöðu og gengi nemenda, svo sem lýðfræðileg samsetning þjóðfélagsins, menning, saga, og félags- og efnahagslegir þættir. Kenningin felur í sér að til að vinna gegn ójafnræði þurfi að rýna í þrjá þætti: 1) Stefnu og starfshætti *innan skóla*, 2) einkenni á reglukerfi *milli skóla* og 3) þætti sem tengjast því sem gerist *utan skóla*, í hinu félagslega umhverfi. Amanda Datnow, prófessor við Háskólann í Kaliforníu (kafli 12) og Sherry L. Deckman, lektor við Íþöku-háskóla í New York-fylki (kafli 13) fjalla báðar um félagslegan ójöfnuð innan bandaríska skólakerfisins; litariháttur og félagsleg staða nemenda hefur mikil áhrif á námsárangur og velgengni, þrátt fyrir margra ára umræður um þann vanda. Þær benda báðar á að tvennt þurfi að koma til svo breytinga megi vænta, annars vegar gagnrýnin greining á kerfinu sjálfu og því sem þarf að lagfæra þar, og hins vegar opin, heiðarleg og gagnrýnin umræða innan skólanna, og ekki síst kennslustofunnar sjálfar, um kynþáttafordóma, fátækt og menningarmun. Einn helsti Þrándur í Götu félagslegs réttlætis innan menntakerfisins sé þöggun og ótti við að

takast á við erfið umræðuefni. Í þessum kafla sakna ég umræðu um fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir en reynslan sýnir að þeir og foreldrar þeirra þurfa iðulega að berjast fyrir réttindum þeirra til mennta.

Í fjórða hluta bókarinnar, *Accountability and assessment systems*, er fjallað um nauðsyn þess að hafa jafnvægi á milli ytri viðmiða og innri viðmiða til að ýta undir og meta gæði í skólastarfi. Tekist er á við lykilsurningar eins og hvernig megi auka gagnsæi, skilvirkni og árangur innan menntakerfisins. Hér kannast allir höfundar við mikilvægi þess að meta árangur í skólastarfi, hins vegar eru hugmyndir þeirra um á hvaða leiðir skuli leggja áherslu ólíkar. Inland tekst á við miklar áskoranir við að tryggja öllum þegnum sínum ásættanlega menntun og hefur Inland ítrekað lent í neðstu sætum hvað varðar læsi og stærðfræði í PISA-könnunum. Madhav Chavan og Rukmini Banerji (kafla 19) telja að á Indlandi hafi skort skýra stefnumótun um árangur barna í læsi og stærðfræði, og að þess í stað hafi verið lögð áhersla á heildstæða menntun. Madhav er einn af stofnendum Pratham-menntasamtakanna, stærstu samtaka á Indlandi sem vinna að því að efla gæði í menntun og skólastarfi, en Rukmini er deildarstjóri hjá Pratham og hefur yfirumsjón með umfangsmikilli árlegri könnun á stöðu indverskra barna í læsi og stærðfræði. Samtökin fóru af stað með þessa könnun árið 2005 og voru niðurstöður sláandi: þó að um 92–95% barna væru skráð í skóla var lestrarkunnátta oft og tíðum afar rýr. Um 48% nemenda í 5. bekk náðu ekki viðmiðum fyrir 2. bekk í lestri (Chavan og Banerji, 2013). Hér er gríðarlega áhugavert að velta því fyrir sér hvar ábyrgðin liggja á menntakerfinu og hverjir eigi að taka fyrstu skrefin. Lorna Earl (2013), kanadískur matsfræðingur, telur lykilatíði að ábyrgð liggja bæði innan og utan skólakerfisins – og telur að kennarar og annað fagfólk þurfi að axla sína ábyrgð. Fagleg ábyrgð kennara gagnvart nemendum er rík og slík skuldbinding verður oft persónulegs eðlis, sem getur valdið togstreitu þegar stjórnvöld krefjast hlutlægra viðmiða um árangur (Earl, kafla 20). Kennarar finni því oft og tíðum til vanmáttar og telji að sér vegið þegar krafist er úrbóta í menntamálum.

Fimmti og síðasti hluti bókarinnar ber heitið *Whole-system change*. Þar er sýnt fram á að kerfisbreytingar verði að eiga sér bæði innri og ytri drifkrafta til að vera árangursríkar. Höfundarnir sem hér skrifa koma frá fjórum ólíkum löndum, Wales, Brasilíu, Singapore og Finnlandi. Frábær árangur Singapore í alþjóðlegum könnunum, meðal annars *PISA*, hefur vakið mikla athygli. Höfundur kafla 23, Pak Tee Ng, er forstöðumaður rannsóknarstofu um stefnumótun og stjórnun í menntamálum við Nanyang-háskóla í Singapore. Hann rekur ástæðuna fyrir öflugu menntakerfi Singapore til þess að árið 1997 varð *Thinking Schools, Learning Nation (TSLM)* kynnt til sögunnar sem ný menntastefna landsins og í kjölfarið var hrundið af stað, bæði á landsvísu og í bæjum og skólum, áherslubreytingum sem fólu í sér að í stað þess að horfa fyrst og fremst á niðurstöður prófa, er nú horft til hæfni, frumkvæðis og þess að efla áhuga nemenda. Í stað þess að horfa til magns (e. *quantity*) er nú horft til gæða (e. *quality*) (Ng, 2013). Mótun hefur verið skýr stefna um hvernig efla skuli siðferðis- og borgaravitund (e. *character and citizenship education*) og búið til kennsluefni um virkt nám (e. *active learning*). Síðast en ekki síst, þá kemur fram að viðmið um fjölda grunnskólanemenda á hvern kennara hefur verið lækkað, úr 20:1 í 15:1. En hvað skyldi finnski fræðimaðurinn Pasi Sahlberg segja um frábæran árangur eigin lands í hinum alþjóðlega samanburði? Sahlberg skrifaði metsölu-bókina *Finnish lessons: What can the world learn from educational change in Finland?* sem kom út árið 2011. Í grein sinni hér (kafla 24), bendir hann á að Finnar hafi fyrst og fremst lagt áherslu á að bjóða öllum borgurum landsins upp á góða menntun. Í því skyni hafi þeir fjárfest í menntun kennara til að leiða slíkt starf og jafnframt leitast við að byggja upp skýra og góða námskrá. Samfélagið þurfti á jákvæðum breytingum að halda og litið var svo á að menntakerfið væri grundvöllur slíkra breytinga; þannig leiddi skýr hugsjón saman alla helstu hagsmunaaðila. Áherslan er á samvinnu í stað samkeppni. Þessi skilaboð frá Finnlandi og Singapore eru verðugt umhugsunarefni.

## Hver eru markmið menntunar og hverjir stýra mótun menntastefnu?

Ég vil staldra sérstaklega við fjögur atriði sem ritstjóri bókarinnar, Helen Janc Malone, deildarstjóri hjá *Institute of Educational Leadership* í Washington, ræðir í kaflanum *From the periphery to the center: Broadening the educational change discourse*. Ástæðan er sú að í þessum kafla dregur hún fram mikilvægt atriði sem gleymist oft, nefnilega að menntun felst ekki eingöngu í skólagöngu né í því að öðlast afmarkaða gerð af þekkingu og hæfni. Hún færir sannfærandi rök fyrir því að of lítil áhersla sé lögð á að rýna í a) markmið menntunar, b) vægi nemenda í skólastarfi, c) mikilvægi félags- og tómstundastarfs, og d) aðkomu allra hagsmunaaðila að stefnumótun. Þessi fjögur þemu mynda saman sterka kröfu um heildstæða sýn á menntun og lýðræði í skólastarfi. Malone ræðir fyrst markmið menntunar og bendir á að á undanförmum áratugum hafi verið lögð ofuráhersla á að menntun eigi að búa einstaklinga undir að ná árangri í atvinnulífi. Markaðshyggja hafi náð undirtökum í opinberri orðræðu um gæði skólastarfs og mat á árangri (sjá t.d. Berglind Rós Magnúsdóttir, 2015a). Við þurfum einnig að setja skólunum skýrari markmið er lúta að því að efla lýðræðislega þátttöku, borgaravitund og fjölmenningsleg gildi meðal nemenda (sjá t.d. Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015).

Af framangreindu leiðir annað atriði sem Malone nefnir og er að þátttaka og virkni nemendanna sjálfra séu lykilatriði í metnaðarfullu skólastarfi. Nám felur í sér, að hennar mati, gagnkvæma þátttöku kennara og nemenda. Það merkir að nemendur þurfi að upplifa sjálfræði og val í daglegu starfi skólans. Hér eru einnig sóknarfæri til þess að nýta tækni í skólastarfi, fjölga hagnýtum verkefnum og auka einstaklingsmiðaða leiðsögn, samvinnu og jafningjamat. Rannsóknir sýna að nemendur í grunn- og framhaldsskólum hafa mjög lítið að segja um eigið nám, og eiga sjaldan val um viðfangsefni eða aðferðir (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Ingibjörg V. Kaldalóns, 2015). Malone nefnir hér að mínu mati afar mikilvægan þátt sem fær því miður sjaldan næga athygli, hvorki í opinberri umræðu né innan skólanna sjálfra.

Í þriðja lagi færir Malone rök fyrir því að varpa þurfi skýrara ljósi á vægi félags- og tómstundastarfs fyrir menntun barna. Börn eyða ekki nema hluta vökutíma síns innan skóla en eins og Malone bendir réttilega á halda þau áfram að læra það sem eftir lifir dags. Hvað er það sem þau læra á þeim tíma? Óformlegt og sjálfsprottið nám er ríkur þáttur í menntun og við þurfum að skilja betur samspil náms á formlegum og óformlegum vettvangi. Hér á landi taka börn og ungmenni sívaxandi þátt í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva, en stefnumótun og fjárframlög hafa ekki tekið mið af þeirri staðreynd (sjá t.d. Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2013).

Í fjórða og síðasta lagi telur Malone að skipti sköpum í þróun menntamála að hlustað sé eftir röddum *allra* hagsmunaaðila þegar kemur að stefnumótun. Hér er Malone sérstaklega að vísa til þess að oft og tíðum upplifa kennarar, foreldrar og aðrir sem hlut eiga að máli að ákvarðanir séu teknar *að ofan* og en komi ekki frá þeim sem starfa á vettvangi. Oft sé um að ræða sýndarsamráð í gegnum nefndir og ráð með aðkomu ólíkra fulltrúa en að raunveruleg samræða eigi sér ekki stað. Kennarar upplifa þetta sjálfsagt ósjaldan. Sjálf hef ég sem foreldri oft upplifað samstarf foreldra og kennara fyrst og fremst sem táknrænt samstarf þar sem kennarar tala og foreldrar eiga að hlusta. Grillveislur og bekkjarkvöld sem foreldrafélög eru hvött til að standa að eru að sjálfsögðu góðra gjalda verð, en koma ekki í stað þess að skapaður sé vettvangur þar sem foreldrar hafa rödd og aðkomu að ákvörðunum í skólastarfi. Malone telur einnig að rödd nemenda verði að heyrast hátt og skýrt til að tryggja að tekið sé mið af hagsmunum og reynslu þeirra þegar ákvarðanir um tilhögun skólastarfs eru teknar. Hér bendi ég á að þó að jákvætt skref hafi verið tekið árið 2008 á Íslandi þegar grunnskólalög kváðu á um fulltrúa nemenda í skóla-

ráðum, þá bendir nýleg meistararitgerð Þorbjargar Guðjónsdóttur (2015) til þess að ýmsar brotalamir séu á framkvæmd laganna og að nauðsynlegt sé að skoða leiðir til að styðja við þátttöku nemenda.

Þau fjögur atriði sem Malone dregur upp í grein sinni bera vott um skilning á því að menntun felst ekki einvörðungu í fræðslu og námi innan skólakerfisins, heldur er menntun umfangsmikið samfélagslegt verkefni sem kallar á virka þátttöku fjölmargra aðila.

## Íslensk umræða um menntastefnu

Margt í bókinni kallast á við íslenska umræðu. Töluvert skortir á málefnalega og faglega umræðu um íslenska menntastefnu, utan þess þegar kjaramál skólafólks eða umdeildar ákvarðanir menntayfirvalda eru í deiglu. Páll Skúlason, heimspekingur og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, kallaði eftir raunverulegri íslenskri menntastefnu í grein sinni *Menntun og stjórnsmál* árið 1987. Hann tók nokkuð sterkt til orða á þeim tíma, taldi að skólakerfið væri í raun stefnulaust (Páll Skúlason, 1987a). Hann kallaði líka eftir því að ráðamenn ígrunduðu hver raunveruleg markmið menntunar væru. Skoðun Páls var sú að innan skólakerfisins væri ríkjandi áhersla á *fræðslu*, í stað eiginlegrar menntunar. Slík tæknihyggja er að mati Páls *afmenntandi* (Páll Skúlason, 1987b) og veldur því að kjarni menntunarinnar, sem felur í sér alhliða þroska og siðferðilega dómgreind, fer fyrir ofan garð og neðan. Í nýlegri grein um tilgang náms segir Páll:

Nám er í rauninni lífsháttur eða lífsform. Að læra er viss háttur á að lifa. Við göngum öll í skóla lífsins. Að vera í grunnskóla, framhaldsskóla, iðnskóla, tækniskóla eða háskóla er líka viss háttur á því að ganga í skóla lífsins. Munurinn á skólafnununum og skóla lífsins er sá að í stofnunum er námið formlega sett upp og skilgreint innan ákveðinna námsgreina en í lífsins skóla ægir öllu saman og þar verður hver og einn að skilgreina og flokka viðfangsefnið. (Páll Skúlason, 2015, bls. 186)

Hér bendir Páll á mikilvægt atriði: að við lærum ef til vill ekki hvað síst á því að spreyta okkur sjálf á hinum óformlega námsvettvangi, í félagsstarfi, einkalífi og samskiptum við annað fólk. Þessi orð Páls falla vel að ofangreindri kröfu Helen Malone að við mótun menntastefnu verði í ríkari mæli tekið mið af því fjölbreytta starfi sem börn og ungmenni taka þátt í utan skóla. Ég bendi sérstaklega á starfsemi frístundaheimila, félagsmiðstöðva og aðra skipulagða æskulýðsstarfsemi. Við þurfum einnig að gefa gaum að frítíma barna og ungmenna þar sem þau skapa að einhverju leyti eigin reynslu og gefa hlutunum nýja merkingu. Menntun hlýtur að hverfast um að virkja innri kraft barna og ungmenna, og það verður ekki gert nema með því að líta á þau sem jafngilda þátttakendur innan skóla-samfélagsins (sjá enn fremur Guðmund H. Frímannsson, 2013; Þóra Björk Jónsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2013).

Jón Torfi Jónasson, prófessor og fyrrverandi sviðsforseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, ræddi í viðtali fyrir nokkru um nauðsyn þess að skólakerfið lagaði sig að þörfum 21. aldar, bæði hvað varðar inntak og aðferðir. Hlutverk skóla hafi gjörbreyst frá því sem áður var þegar litið var fyrst og fremst á skólann sem fræðslustofnun; skólinn sé menningarsamfélag þar sem allir eigi að njóta sín og Jón Torfi telur lykilatriði „... að þekkinguna eða skilninginn þurfi að flétta saman við þá skapandi orku sem hægt er að virkja hjá hverjum og einum“ (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2011, bls. 24).

Ólafur Páll Jónsson, heimspekingur og prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hefur verið ötull talsmaður lýðræðis í skólafnununum og rekur í nýlegri grein sögu lýðræðis-legrar menntastefnu (Ólafur Páll Jónsson, 2013). Ólafur Páll rýnir í þróun laga, reglugerða og aðalnámskrár í ljósi hugmynda um lýðræði og þátttöku nemenda. Niðurstaða hans er á

Þá leið að sú ofuráhersla, sem lögð sé á mælanlegan árangur, samkeppni og samræmd próf, standi í raun í vegi fyrir því að hin yfirlýsta menntastefna sé framkvæmd í daglegu skólastarfi. Í raun hafi verið mótuð „yfirborðsleg fræðslustefna“ (Ólafur Páll Jónsson, 2013, bls. 113) sem eigi lítið skylt við eiginlega menntastefnu. Það virðist því ekki mikið hafa breyst frá varnaðarorðum Páls Skúlasonar frá árinu 1987, raunar þvert á móti: tæknihyggjan hefur frekar styrkst en hitt innan íslenska menntakerfisins og grunnhyggjin sýn á markmið menntunar virðist ráðandi.

Fleiri hafa gagnrýnt íslenska menntastefnu á þessum nótum. Atli Harðarson, lektor við Menntavísindasvið og fyrrum skólameistari Fjölbrotaskóla Vesturlands, hefur í skrifum sínum um málefni framhaldsskólans skotið föstum skotum að ríkjandi menntastefnu og þeirri tæknihyggju sem vaxið hefur fiskur um hrygg á síðastliðnum árum. Í grein árið 2008 varpaði Atli fram þeirri spurningu hvort framhaldsskólar séu menntastofnanir eða þjónustustofnanir (Atli Harðarson, 2008). Hann benti á að vaxandi frelsi skóla til að skilgreina sínar eigin stúdentsbrautir og aukin samkeppni um nemendur geta valdið ákveðinni einsleitni í námsframboði og þannig geti tiltekið grunnhlutverk skólans, það að mennta nemendur, efla siðferðilega vitund og næmi fyrir menningarlegum verðmætum, farið for-görðum.

Rétt er að minna hér á að ný menntastefna var kynnt árið 2011 undir forystu Katrínar Jakobsdóttur, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, þar sem sett var fram í fyrsta sinn heildstæð stefna um öll skólastig leik-, grunn-, og framhaldsskóla. Kynntir voru sex grunnþættir menntunar sem fléttast eiga inn í allt skólastarf og endurspeglast í kennsluáferðum, inntaki náms og skipulagi skólastarfs. Þessir þættir eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, og sköpun (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Fram kemur að nýju menntastefnunni var ætlað að styðja við hlutverk skólans í endurmótun og uppbyggingu samfélags, og að grunnþættirnir eiga að draga fram einstaklings- og samfélagsmiðuð gildi almennrar menntunar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2012), prófessor við Menntavísindasvið, hefur bent á að grunnþættirnir skapi meira svigrúm fyrir samþættingu náms og að ný menntastefna byggist á trausti á fagmennsku kennara til að leiða breytingar á skólastarfi. Nýleg bók um fagmennsku í skólastarfi (Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur H. Frímansson, 2013) fjallar einmitt á heildstæðan hátt um ólíka þætti sem styðja við fagmennsku, svo sem hlutverk kennara og lærdómssamfélag, skólamenningu, stjórnun og forystu, og hlut nemenda í skólastarfi. Í ritdómi um þá bók segir Jóhanna Karlsdóttir (2014, bls. 124): „Áberandi er í umfjöllun flestra höfunda hve rík áhersla er lögð á aukið samstarf og samvirkni allra aðila skólasamfélagsins.“ Til að styðja við innleiðingu nýju grunnþáttanna voru einstaklingar úr fræðasamfélaginu og af vettvangi skólastarfs fengnir til að semja þemahefti þar sem varpað var frekari ljósi á hvern þessara sex grunnþátta. Hér má því segja að aðilar úr menntasamfélaginu hafi tekið höndum saman um að styðja við innleiðingu hinnar nýju menntastefnu og hvetja til frekari skólaþróunar.

Ekki eru auðfundnar heildstæðar rannsóknir á innleiðingu nýrrar menntastefnu. Ein leið til að kanna hve mikill áhugi er á að rannsaka grunnþætti menntunar er að skoða hve oft þeir birtast sem efnisorð meistararitgerða í *Skemmu*, vefsetri sem geymir lokaverkefni háskólanna. *Tafla 1* sýnir hve oft hver grunnþáttanna sex birtist sem efnisatriði í meistaraverkefnum í menntunarfræðum, annars vegar við Háskóla Íslands og hins vegar við Háskólann á Akureyri.

Skoða verður tölulega yfirlitið með fyrirvara um að hér er eingöngu horft til ritgerða þar sem einn af grunnþáttunum sex var meðal efnisorda ritgerðar samkvæmt *Skemmu*. Ekki

**Tafla 1 – Fjöldi meistararitgerða í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar með grunnþátt menntunar sem efnisorð**

Grunnþáttur	Fjöldi ritgerða við Háskóla Íslands	Fjöldi ritgerða við Háskólann á Akureyri	Alls
Læsi	27	5	32
Lýðræði	13	1	14
Sköpun*	9	1	10
Sjálfbærni	9	1	10
Jafnrétti**	4	3	7
Heilbrigði og velferð	0	0	0

\* Sköpunargáfa er efnisorðið í *Skemmu*. \*\* Jafnréttismál er efnisorðið í *Skemmu*.

er þar með sagt að ritgerðirnar fjalli sérstaklega um innleiðingu hinnar opinberu menntastefnu, eingöngu að grunnþátturinn komi við sögu. Einnig er rétt að taka fram að aðrar ritgerðir gætu hæglega komið inn á innleiðingu menntastefnu eða ofangreinda grunnþætti, án þess að vera hér taldar, hafi grunnþátturinn ekki verið skilgreindur sem efnisorð. Hér veur tvennt sérstaklega athygli, í fyrsta lagi hve margar ritgerðir snerta læsi og í öðru lagi að heilbrigði og velferð finnast ekki sem efnisorð í neinni meistararitgerð í menntunarfræðum.

Ég mun nú nefna nokkrar menntarannsóknir sem hafa beinlínis beinst að því að skoða innleiðingu opinberrar menntastefnu. Líkt og kom fram í *Töflu 1* hafa töluvert margar meistararitgerðar fjallað um læsi, meðal annars fjallað um aðferðir við lestrarkennslu, leskilning og hljóðfærni, læsi á tungumál náttúrufræða, upplýsingatækni og læsi, sjónrænan orðaforða, og um læsi og leik. Hver þessara rannsókna leggur sitt af mörkum til að efla þekkingu á ólíkum þáttum læsis en engin fjallar markvisst um innleiðingu nýrrar menntastefnu og/eða læsi sem grunnþátt menntunar. Guðmundur B. Kristmundsson (2013) hefur bent á að nýja læsisstefnan byggji á hugmyndum, sem hafa verið í deiglu undanfarna áratugi, um mikilvægi þess að vera læs á ólíka miðla (t.d. fjölmiðla, auglýsingar og raf-ræna miðla). Þetta er mikilvægur punktur sem minnir á að opinber menntastefna verður ekki til í tómarúmi heldur endurspeglar þróun og áherslur sem mótast hafa í samfélaginu yfir nokkurn tíma.

Auður Pálsdóttir (2015) rannsakaði í doktorsrannsókn sinni sjálfbærni sem grunnþátt menntunar í grunnskólum og komst meðal annars að því að skýrara samhengi þurfi að vera milli aðalnámskrár og þriggja lögbundinna verkefna skóla, það er sjálfsmats skóla, skólanámskrár og endurmenntunaráætlunar fyrir skólann. Helga Helgadóttir (2015) skoðaði birtingarmynd lýðræðis í tveimur grunnskólum og komst að því að ekki væri unnið í anda opinberrar stefnu um lýðræði í skólastarfi; þrátt fyrir jákvæð viðhorf kennara og stjórnenda skorti á eiginlega þekkingu þeirra á lýðræðislegum starfsháttum. Íris Sigurbjörnsdóttir (2012) fjallaði um innleiðingu sköpunar á greinasviði textílmenntar í grunnskóla og komst að því að kennarar töldu litlar breytingar hafa orðið þar sem skapandi starf hefði um árabil verið einkennandi fyrir námsgreinina; Elva Björg Gísladóttir (2015) komst að svipaðri niðurstöðu um viðhorf kennara yngri barna til sköpunar í skólastarfi. Anna Sofia Wahlström (2012) skoðaði í meistararitgerð sinni þróunarverkefni þar sem leikskólakennarar rýndu í starf sitt með grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Ein af niðurstöðum



hennar var sú að miklir möguleikar fælust í því að „efla grunnþætti menntunar í sambættu námi sem hefur áhuga barnanna, reynslu þeirra og virkni að leiðarljósi“ (Anna Sofia Wahlström, 2012, bls. 5). Margrét Auðunsdóttir (2013) greindi frá mati nemenda og kennara á líffræðinámskeiði í framhaldsskóla; niðurstöður voru meðal annars þær að þátttakendur töldu námskeiðið hafa snert við öllum grunnþáttum menntunar, en mismikið þó, og var nokkur munur á mati nemenda annars vegar og kennara hins vegar. Hvað varðar jafnrétti í skólastarfi þá sýndi Freyja Rós Haraldsdóttir (2015) fram á þá miklu möguleika sem felast í því að vinna markvisst að jafnréttisfræðslu í gegnum félagsstarf framhaldsskólanna. Samkvæmt meistararitgerð Freyju er óplægður akur í jafnréttismálum innan framhaldsskólanna, meðal annars vegna ríkjandi staðalmynda og kynbundins ójafnréttis sem birtist ekki síst í félagslífi nemenda. Að síðustu vil ég nefna meistararitgerð Selmu Hauksdóttur (2014) sem skoðaði sjálfræði nemenda í tungumálanámi í ljósi grunnþátta menntunar og *Aðalnámskrár*. Ályktun hennar er á þá leið að aukið sjálfræði nemenda geti verið skref í þá átt að starfa í anda allra grunnþátta menntunar.

Ljóst má telja að grunnþættir menntunar, kynntir með nýrri menntastefnu árið 2011, hafi ýtt undir kennara og skólastjórnendur að rýna í, þróa og móta nám og kennslu. Skiptar skoðanir eru þó á því hve vel gengur að innleiða og framfylgja þeirri stefnu, sem birtist í aðalnámskrám, í skólastarfi. Nýlega voru kynntar niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar á starfsháttum tuttugu grunnskóla þar sem meðal annars var leitað svara við því hvernig stefnumörkun ríkis birtist í skólastarfi. Meginniðurstöður voru þær að opinber menntastefna væri að miklu leyti sýnileg í ytri umgjörð skólastarfs en að „ákvæði í lögum og stefnumörkun um kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, sjálfstæði og áhrif nemenda og beina þátttöku foreldra í skólastarfinu virtust ekki hafa gengið eftir“ (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014, bls. 352). Væri spennandi að skoða gögnin, sem orðið hafa til í þeirri rannsókn, enn frekar með hliðsjón af sex grunnþáttum menntunar. Efla þarf heildstæðar rannsóknir á innleiðingu þeirrar menntastefnu, sem hér ríkir, með mun markvissari skrásetningu, gagnasöfnun, greiningu og mati.

Menntastefna hlýtur að endurspeglast í menntun kennara og hefur skipulag hennar tekið miklum breytingum undanfarin ár, meðal annars með tilkomu Kennaradeildar við Háskóla Akureyrar árið 1993 og síðar við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands árið 2008. Hafa skal hugfast að Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóli Íslands) menntar ekki einungis kennara, heldur sinnir námi ólíkra fagstétta, svo sem þroskaþjálfna, tólmstunda- og félagsmálafræðinga, uppeldis- og menntunarfræðinga og íþróttá- og heilsufræðinga. Menntunarfræði er því þverfaglegt svið og sameinar undir einum hatti ólík fög sem snerta uppeldi og menntun. Árið 2012 var tekið stórt skref þegar menntun kennara var lengd úr þremur árum í fimm ár. Athyglisvert er að í stefnu Kennaradeildar Háskóla Íslands 2010–2015, sem mótuð var áður en grunnþættirnir sex koma til sögunnar, er sagt að starfshættir deildarinnar skuli meðal annars byggjast á lýðræði, sjálfbærni, læsi, jafnrétti og skapandi starfi. Hér er því minnst á fimm af sex grunnþáttum menntunar og bendir það til að þessi gildi hafi þegar verið í hávegum höfð í kennaranámi, að minnsta kosti að einhverju leyti. Áhugavert verður að fylgjast með því hvaða vægi gildin heilbrigði og velferð fá við endurskoðun stefnunnar.

Atli Harðarson hefur gagnrýnt nýja aðalnámskrá framhaldsskóla, sem kom út árið 2011, meðal annars vegna þess að hún feli í sér óraunhæfa tilraun til að kerfisbinda markmið framhaldsskólans, annars vegar með því að „... krefjast þess að allir áfangar séu skipulagðir út frá markmiðum sem tilgreina þekkingu, leikni og hæfni og hins vegar með því að fella allt starf skóla undir sex meginmarkmið sem kölluð eru grunnþættir“ (Atli Harðarson, 2012, bls. 73). Gagnrýni Atla á aðalnámskrá framhaldsskóla má heimfæra upp á aðalnámskrá grunnskóla sem sett var fram með sambærilegum hætti. Einnig má heimfæra gagnrýni Atla að miklu leyti til Bologna-fyrirkomulagsins sem nýtt er við skipulag náms við

Háskóla Íslands og felur í sér að allt nám við Háskóla Íslands eigi að skipuleggja út frá nemendamiðuðum markmiðum, það er hugmyndum um hvað nemandi eigi að þekkja, skilja og geta að námi loknu. Kjarninn í gagnrýni Atla er að slík tæknihyggja sé byggð á úreltum hugmyndum úr námskráfræðum og að búið sé að sýna fram á að það sé ekki nokkur leið að útlista fyrirfram allt það sem nám eigi að skila nemanda (Atli Harðarson, 2012). Jafnframt sé útilokað að mæla allt það sem leiði af námi. Nám og námsefni eigi í raun að hafa gildi í sjálfu sér, líkt og hin húmaníska menntahefð hefur boðað í aldanna rás: kennarinn kynni ákveðinn heim sögu, menningar og vísinda en hefur í raun takmörkuð völd yfir þeim áhrifum sem nemandinn verður fyrir.

Námsefni hefur í árána rás verið gefið út á vegum Námsgagnastofnunar og endurspeglar að vissu leyti stefnu stjórnvalda um inntak náms og skipulag kennslu. Atli hélt nýlega erindi á vegum Kennarasambands Íslands. Þar komst hann að þeirri niðurstöðu að tæknihyggja í námskráfræðum hafi á síðastliðnum árum grafið undan valdi og faglegu sjálfstæði kennara og alið á einhliða sýn á menntun sem ferli sem skili stöðluðum og mælanlegum lokaafurðum (Atli Harðarson, 2015). Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, hefur farið óvægnum orðum um nýfrjálshyggjuhugmyndir menntamálayfirvalda, sem endurspeglar meðal annars í markaðsvæðingu í útgáfu námsefnis og námsbóka. Þrátt fyrir fögur fyrirheit um að slík stefna eigi að tryggja fjölbreytni og val um námsefni sé það alls ekki raunin (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013). Hvítbók Illuga Gunnarssonar ráðherra og nýstofnuð Menntamálastofnun hafa einnig sætt töluverðri gagnrýni, meðal annars vegna skorts á samráði við fagfólk á vettvangi, ekki síst Kennarasamband Íslands og fræðasamfélagið (Aðalheiður Steingrimsdóttir, 2015; Berglind Rós Magnúsdóttir, 2015b).

Umræða um íslenska menntastefnu virðist að mörgu leyti vera á sömu nótum og alþjóðleg umræða. Kallað er eftir alvarlegri ígrundun um markmið menntunar og áhyggjur hafa vaknað vegna mikillar áherslu á alþjóðlega mælikvarða, sem meta afmarkaða þætti náms en hafa engu að síður afgerandi áhrif á framkvæmd daglegs skólstarfs. Menntastefnan virðist að töluverðu leyti mótuð í samvinnu stjórnvalda, fræða- og skólasamfélagsins. Þó er ljóst að kallað er eftir auknu samráði stjórnvalda og skólasamfélagsins. Þrátt fyrir að yfirlýst menntastefna byggist á hugmyndum og gildum heildstæðs náms, svo sem ráða má af hinum sex grunnþáttum menntunar, virðist krafan um mælanleg viðmið í anda tæknihyggju ávallt ná yfirhöndinni, að minnsta kosti í opinberri umræðu.

## Að lokum

Ég hef hér að framan tæpt á nokkrum þeirra viðfangsefna sem fjallað er um í bókinni *Leading educational change: Global issues, challenges and lessons on whole-system reform* og reifað gagnrýni íslenskra fræðimanna á ríkjandi menntastefnu á Íslandi. Enn er ósagt frá fjölmörgum áhugaverðum köflum í bókinni, og hvet ég íslenska lesendur til að verða sér úti um eintak og taka til umræðu einhver af þeim fjölmörgu viðfangsefnum sem skipta máli fyrir menntakerfið okkar. Við þurfum að fjalla um þau fimm svið sem bókin tekur til; rýna í hvað hefur áhrif á þróun og breytingar í menntakerfinu, hugmyndir um fagmennsku, félagslegan jöfnuð, árangur og mat, og síðast en ekki síst, hvernig virkja megi ólík svið samfélagsins til að styðja við heildstæðar kerfisbreytingar. Ég vitna hér í loka-kafli Malone, þar sem hún dregur saman helstu niðurstöður bókarinnar:

Breytingar á menntakerfum eru óhjákvæmilega pólitískt ferli sem hefur tilhneigingu til að koma í bylgyum, stjórnast af ytri hagsmunum, taka mið af kjörtímabilum og bregðast við utanaðkomandi þrýstingi. Þegar samvirkni næst á milli

skólakerfisins og samfélagsins er hægt að ná raunverulegum árangri.  
(Malone, 2013, bls. 129, þýðing höfundar)<sup>1</sup>

Líkt og í heimi eðlisfræðinnar, þá mótast menntakerfi af margvíslegum öflum sem stundum eru dulin og þarf að draga fram í dagsljósið. Þetta er gert í bókinni sem varð kveikjan að þessari litlu grein og einnig í skrifum þeirra íslensku fræðimanna sem vitnað er til hér að ofan. Menntamálayfirvöld eiga að setja kerfinu stefnumið og skapa skilyrði fyrir öflugt og gott fagstarf, ekki eingöngu innan skólanna heldur einnig í félags- og tómstundastarfi. Hlutverk fræðimanna og fagfólks hlýtur að vera að taka virkan þátt í stefnumótun og beita gagnrýninni hugsun á kerfið sjálft, yfirvöld og eigið starf. Verðugast af öllu er að taka virkan þátt í að skilgreina markmið menntunar, átta sig á sínum eigin afmarkaða hlut í því ferli og horfast í augu við að menntun er samvinnuferli á ábyrgð samfélagsins alls, ekki framleiðsla þekkingar eða hæfni sem skólar úthluta nemendum sínum.

Það getur verið flókið að greina menntastefnu, hvað þá að meta árangur hennar. Hér á Íslandi hefur um nokkurt skeið verið fylgt skólastefnu um *skóla án aðgreiningar*, í henni felst að öll börn eigi að hafa aðgang að sínum hverfis-skóla, og að þar sé komið til móts við „náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi“ (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008). Nýlega skilaði starfs hópur á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis skýrslu þar sem greina átti hvernig til hefði tekist að innleiða þessa skólastefnu á grunnskólastiginu. Niðurstaða starfshópsins eftir tæplega tveggja ára vinnu var sú að „greining, umfram það sem skýrsla þessi dregur fram um hvernig til hafi tekist með framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar hér á landi, sé nánast ómöguleg á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Færa má rök fyrir því að stefna um skóla án aðgreiningar hafi hvorki verið skilgreind né innleidd með nægilega skipulögðum hætti hér á landi ...“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015, bls. 3). Starfshópurinn lagði til að leitað yrði til *Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir* um að koma til Íslands og meta ástand mála. Mikilvægt er að draga lærdóm af þessum niðurstöðum en þær tengjast ef til vill ekki hvað síst því hve flókið getur verið að innleiða og meta menntastefnu. Hér gefst ekki svigrúm til að ræða nánar um *skóla án aðgreiningar* en sannarlega er þörf á heiðarlegri og gagnrýninni umræðu um það hvernig við tryggjum rétt allra nemenda til náms, menntunar og uppbyggilegra tómstunda. Hér er augljóslega einnig kallað eftir skýrari viðmiðum um *innleiðingu* á tiltekinni stefnu.

Menntarannsóknir hafa eflst mjög á undanförunum árum. Hér hefur verið leitast við að draga fram helstu skrif og rannsóknir sem beinst hafa sérstaklega að íslenskri menntastefnu, ekki síst grunnþáttum menntunar sem kynntir voru árið 2011. Mikilvægt er að fjallað sé skipulega og gagnrýnið um mótun menntastefnu og innleiðingu hennar í skólastarf. Áhugavert væri að sjá íslenska bók, sambærilega þeirri sem hér hefur verið til umfjöllunar, þar sem fræðimenn og fagfólk birtu stuttar greinar um hvað skipti mestu að þeirra mati í stefnumótun og framkvæmd menntamála. Í formála bókarinnar bendir Michael Fullan á að árangursríkar breytingar geta hvorki byggst fyrst og fremst á hugmyndafræði að ofan (e. *top-down*) né úr grasrótinni (e. *bottom-up*), heldur verði að þróa leiðir til að góðar hugmyndir flakki um og verði að veruleika á öllum stigum og stöðum í menntakerfinu. Ég er sammála Fullan og tel að nauðsynlegt sé að opna hurðir og glugga, lofta út, hleypa nýjum hugmyndum inn – vera ófeimin við að kynnast nýju fólki, nýjum fag-

---

<sup>1</sup> „Educational change is inevitably a political process that has a tendency to be episodic, driven by external policies, susceptible to electoral cycles, and reactive to outside pressures. When there is synergy between the educational sector and external environments, positive outcomes can be realized.“ (Malone, 2013, bls. 129)

stéttum og fjölbreyttum sjónarhornum. Fagna ber öllu því sem eykur skilning okkar á því hvernig börnin okkar og ungmennin menntast.

Menntastefna, líkt og skólastarf, heldur áfram að taka breytingum í takt við tíðaranda, nýja þekkingu og kröfur samtímans. Ég el þá von í brjósti að þrátt fyrir að ávallt muni ríkja togstreita milli ólíkra sjónarmiða muni okkur bera gæfa til að takast af einurð á við spennandi verkefni, líkt og skóla án aðgreiningar, einstaklingsmiðað nám, tengsl og skipulag skólastiga (t.d. hugmyndir um styttingu framhaldsskólans og um skólaskyldu fimm ára barna), togstreitu milli mælanlegra viðmiða og heildstæðrar menntunar, aukna hlutdeild nemenda í skólastarfi, og ekki síst víðtækt samstarf í skóla- og frístundastarfi. Hér gegna menntarannsóknir þýðingarmiklu hlutverki við að draga fram stöðu mála, ekki síst að varpa ljósi á hvernig opinber menntastefna birtist í daglegu starfi og hvaða áhrif hún hefur á starfs- umhverfi nemenda og kennara.

Í lokin set ég fram tvær óskir um það sem setja ætti í forgang: Í fyrsta lagi kalla ég eftir skýrari stefnumótun um starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva, og tengsl slíks starfs við menntun og skólastarf. Ég deili þeirri skoðun Malone að óformlegt nám sé ríkur þáttur í menntun og tel mikil sóknarfæri fólgin í því að efla slíkt starf. Gildi frístundastarfs falla mjög vel að öllum grunnþáttum menntunar, og mætti jafnframt sjá fyrir sér að slík stefnumótun myndi styðja vel við grunnþáttinn heilbrigði og velferð sem virðist að mörgu leyti minnst sýnilegur í opinberri umræðu. Í annan stað kalla ég eftir markvissari samræðu milli stjórnvalda, fagfólks og fræðasamfélagsins um það hver séu eða eigi að vera markmið menntunar. Náum við samstöðu um þau verður auðveldara að setja skýra stefnu og þróa leiðir til að fylgja henni eftir í daglegu starfi. Fagfólk á vettvangi og yfirvöld menntamála verða ávallt að sýna viðfangsefninu ákveðið lítillæti, viðurkenna að eigin þekking er takmörkuð, fagna samvinnu og nota þau tækifæri sem gefast til að bæta og fegra samfélagið.

## Heimildir

Aðalheiður Steingrímisdóttir. (2015). Um menntastefnu og ákvarðanir í menntamálum. *Skólavarðan*, 15(5), 62–68.

Ainscow, M. (2013). Equity: The big challenge for education systems. Í H. Malone (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 59–63). New York: Teachers College Press.

Anderson, S. (2013). The enduring challenge of achieving effective teaching on large scale. Í H. Malone, (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 42–46). New York: Teachers College Press.

Anna Sofia Wahlström. (2012). Grunnþættir menntunar í þróunarverkefni um þátttöku barna í hönnun útsvæðis (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Atli Harðarson. (2008). Hvert stefna íslenskir framhaldsskóla? Menntastofnanir eða þjónustustofnanir? *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 107–113.

Atli Harðarson. (2012). Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskráfræði. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 71–89.

Atli Harðarson. (2015). Stefna í námskrármálum og faglegt sjálfstæði kennara. Sótt af [http://ki.is/images/Skrar/KI/Forystufraedsla/2015/Atli\\_Hardarson.pdf](http://ki.is/images/Skrar/KI/Forystufraedsla/2015/Atli_Hardarson.pdf)

- Auður Pálsdóttir. (2015). Sustainability as an emerging curriculum area in Iceland: The development, validation and application of a sustainability education implementation questionnaire (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). Að tryggja framboð og fjölbreytileika: Nýfrjálshyggja í nýlegum stefnuskjölum um námsgagnagerð. *Uppeldi og menntun*, 22(2), 13–15.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2015a). Meiri árangur, valfrelsi og ráðdeild? Ritdómur um skýrsluna „Stærsta efnahagsmálið: Sóknarfæri í menntun“. *Uppeldi og menntun*, 24(1), 89–95.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2015b). Erfitt að vinda ofan af einkavæðingu. *Skólavarðan*, 15(5), 16–23.
- Chavan, C. og Banerji, R. (2013). The bottom-up push for quality education in India. Í H. Malone (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 97–100). New York: Teachers College Press.
- Datnow, A. (2013). Equity-driven educational change. Í H. Malone (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 64–67). New York: Teachers College Press.
- Deckman, S. L. (2013). Engaging critical diversity in educational reform. Í H. Malone, (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 68–72). New York: Teachers College Press.
- Earl, L. (2013). Accountability as a collective professional responsibility. Í H. Malone (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 101–105). New York: Teachers College Press.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2011). „Samfélagið verður að gera upp við sig til hvers skóli er“: Viðtal við Jón Torfa Jónasson, forseta Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*, 20(1), 9–25.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21 aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2013). Hugleiðing um læsi. *Uppeldi og menntun* 22(1), 79–83.
- Guðmundur H. Frímannsson. (2013). Raddir nemenda og lýðræði í skólastarfi. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur H. Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 93–110). Reykjavík og Akureyri: Háskólaútgáfan og Háskólinn á Akureyri.
- Hargreaves, A. (2013). Teleporting change. The dynamics and distortions of international benchmarking. Í H. Malone (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 11–15). New York: Teachers College Press.
- Helga Helgadóttir. (2015). „Ætli það sé ekki þess virði að við fáum aðeins að ráða hvað við lærum“: Birtingarmynd lýðræðis í tveimur grunnskólum á Íslandi (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

- Ingibjörg V. Kaldalóns. (2015). Stuðningur við sjálfræði nemenda í íslenskum grunnskólum (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012). Grunnþættir menntunar í aðalnámskrá og fagmennska kennara: Hugleiðing til heiðurs Ólafi J. Proppé. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/003.pdf>
- Íris Sigurbjörnsdóttir. (2015). Birtingarmynd grunnþáttarins sköpunar í verklagi, viðhorfum og áherslum í textílmennit (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Jóhanna Karlsdóttir. (2014). Um fagmennsku í skólastarfi. *Uppeldi og menntun*, 23(2), 119–124.
- Jóhanna Kr. Arnberg Gísladóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2015). „Voruð þið að tala um mig?“ Um nemendavernd í grunnskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/006.pdf>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2013). Könnun á starfsemi frístundaheimila haustið 2013. Skýrsla. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/SKYRSLA\\_Konnun\\_Lengd-vidvera\\_2013.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/SKYRSLA_Konnun_Lengd-vidvera_2013.pdf)
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*
- Malone, H. (2013). From the periphery to the center: Broadening the educational change discourse. Í H. Malone (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 25–29). New York: Teachers College Press.
- Margrét Auðunsdóttir. (2013). Innleiðing og mat á nýjum áherslum í menntamálum: Hæfniviðmið og grunnþættir menntunar í LIF303. *Skólavárðan*, 13(2), 6–8.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2011). Ný menntastefna – útgáfa aðalnámskrár. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6004>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2015). Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar. Skýrsla starfshóps. Sótt af <http://www.samband.is/media/skolamal/Mat-a-menntastefnu.pdf>
- Menntavísindasvið Háskóla Íslands. (2010). Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hlutverk og stefna 2010–2015. Sótt af [http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/Kennaradeild\\_hlutverk\\_stefna%20-%20sam%C3%BEykkt%2018%20%20okt%C3%B3ber.pdf](http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/Kennaradeild_hlutverk_stefna%20-%20sam%C3%BEykkt%2018%20%20okt%C3%B3ber.pdf)
- Ng, P. T. (2013). Fifteen years of Singapore’s “Thinking schools learning nation” vision. Í H. Malone (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 118–122). New York: Teachers College Press.
- Ólafur Páll Jónsson. (2013). Lýðræðisleg menntastefna: Sögulegt ágríp og heimspekileg greining. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 10(1), 97–115. <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2014.10.1.6>
- Páll Skúlason. (1987a). Menntun og stjórnmal. Í Páll Skúlason, *Pælingar: Safn erinda og greina* (bls. 325–345). Reykjavík: Ergo.
- Páll Skúlason. (1987b). Viðhorf til menntunar. Í Páll Skúlason, *Pælingar: Safn erinda og greina* (bls. 299–308). Reykjavík: Ergo.

Páll Skúlason. (2015). Um tilgang náms og tilgangsleysi. Í Páll Skúlason, *Pælingar III* (bls. 185–187). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur H. Frímannsson (ritstjórar). (2013). *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni*. Reykjavík og Akureyri: Háskólaútgáfan og Háskólinn á Akureyri.

Schleicher, H. (2013). International comparison as a lever for policy reform. Í H. Malone (ritstjóri), *Leading educational change: Global issues, challenges, and lessons on whole-system reform* (bls. 7–10). New York: Teachers College Press.

Selma Hauksdóttir. (2014). Sjálfræði nemenda í tungumálanámi í ljósi grunnþátta og lykilhæfni í Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2015). Áköll og áskoranir: Vegsemd og virðing í skólastarfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/005.pdf>

Þorbjörg Guðjónsdóttir. (2015). Mín skoðun skiptir máli: Þátttaka nemenda í skólaráði grunnskóla (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Þóra Björk Jónsdóttir og Rúnar Sigbórsson. (2013). Þátttaka og áhrif nemenda í skólastarfi. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur H. Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 257–283). Reykjavík og Akureyri: Háskólaútgáfan og Háskólinn á Akureyri.



Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2015). Hugleiðingar um heildstæða menntastefnu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/006.pdf>